

Stuðboltarnir

4.fundur

Nemendafulltrúaráð 4.-6. bekkja Fundur 21. mars 2018

Mættir voru nemendafulltrúar úr 4. og 6. bekk.

1. Endurmat á árshátíð

- Hafa árshátíðina seinna um daginn
- Æfa fyrr á sviði fyrir árshátíðina
- Leyfa þeim sem kynna að fara niður af sviðinu og sjá atriðin á árshátíðinni
- Hafa kökuveislu eins og í Hópsskóla
- Gaman að hafa myndbönd og dans
- Passa að það séu ekki sömu atriði á skemmtun, í ár var sami dansinn hjá tveimur bekkjum á sömu árshátíð
- Hafa fleiri sæti og stærra svið
- Hafa árgangana saman á árshátíðum, 6. bekkingar saman, 5. bekkingar saman og 4. bekkingar saman
- Ruglingur í afgreiðslu hjá 6. bekk á kökum
- Hafa önnur atriði á ballinu (Viktor var flottur)

2. Umhverfisstefna GG, eru nemendur með einhverjar athugasemdir?

Nemendum finnst við mega vanda okkur betur við flokkun. Það vantar fleiri ruslatunnur við matsalinn, á göngum, í Þrumunni og úti. Ruslatunnurnar mega vera stærri til að auðvelda flokkun og hafa maíspoka í þeim.

Það er mikið rusl á skólalóðinni, spurning um að hafa dag þar sem allir tína rusl í kringum skólann.

3. Hugmyndir fyrir vinabekkjadag sem verður föstudaginn 11. maí:

- Hafa heilan skóladag fyrir vinabekkina
- Hafa fleiri stöðvar, líka útistöðvar og ípad stöð
- Allir eiga að taka virkan þátt
- Grilla sykurpúða á tjaldsvæðinu

- Búa til slím
- Grilla pulsar
- Búa til vinabönd
- Fá að koma með smá nammi
- Lita og fönndra
- Horfa á mynd
- Mála myndir
- Spila saman
- Fara saman í list- og verkgreinar
- Fara í leiki í íþróttahúsinu eða Hópinu
- Búa til stuttmynd
- Fara í Þrumuna
- Kahoot
- Fara í fótbolta og körfubolta
- Ekki raða í hópa, leyfa nemendum að ráða með hverjum þeir eru
- Fá vinaliðana til að vera með leiki
- Vera á Ásabrautinni

4. Önnur mál

- Fá skipið aftur á skólalóðina
- Laga netin á fótboltavellinum
- Glösin í mötuneytinu og stofunum eru alltaf óhrein
- Örbylgjuofnarnir eru ógeðslegir, það vantar diska í þá
- Þegar pizzuveislan var fengu sumir 3 stórar sneiðar aðrir 2 litlar - mjög ósanngjarnt
- Gæslan er ekki nægileg í frímínútum og ekki fyrir alla
- Jói er aldrei þegar 6. bekkur er í Þrumunni
- Fá snúningstæki eins og er í Hópsskóla
- Setja trampólín á leikvöllinn
- Hafa oftari grjónagraut, hamborgara og snitsel í matinn
- Hafa alltaf kotasælu þegar það er fiskur
- Laga internetið
- Hafa vinaliðafrímínútur oftari í viku

Fleira ekki gert og fundi slitið,

Guðrún Inga Bragadóttir